

Gestanemendur

Hefð er fyrir því að taka á móti gestanendum við skólann s.s. eins og fyrrum íbúum eða öðrum sem tengjsta svæðinu. Forráðamenn gestanemenda eru beðnir um að fylla út sérstakt eyðublað, sjá hér að neðan, þar sem óskað er eftir leyfi til að stunda nám við skólann. Dvalartími gestanemenda er misjafnlega langur en þó ekki lengri en 1-2 kennsluvikur. Ef beiðni berst um námsdvöl í lengri tíma fer hún fyrir fræðslunefnd og síðar sveitarstjórn.

Foreldrar og forráðamenn bera ábyrgð á að koma umsjónarkennara barns/barna í samband við kennara gestaskóla viku fyrir námsdvöl og að nemendum fylgi öll námsgögn og áætlanir til að markmiðum í námi sé náð á tímabilinu.

Gestanemendur fylgja skólareglum og taka þátt í öllum þeim verkefnum sem unnin eru t.d. í smiðjum og í öðrum greinum.

Forráðamenn gestanemenda þurfa að láta það koma fram hvort óskað er eftir að nýta aðra þjónustu skólans s.s. eins og fristund og greiða jafnframt fyrir þá þjónustu skv. gjaldskrá sveitarfélagsins.

Beiðni um dvöl þarf að berast skólastjóra með góðum fyrirvara. Skólastjóri ber beiðnina upp á fundi með kennurum og öðru starfsfólki skólans. Eyðublað þetta þarf að vera undirritað og skilað til skólastjóra áður en nemendur koma í skólann.

Beiðni um gestadvöl við Grunnskóla Drangsness

Nafn og fæðingarár
gestanemanda/nemenda: _____

Bekkur: _____

Dvalartími frá _____ til _____